



Tillögur lagðar fyrir hluthafafund Símans hf.

28. janúar 2026

1. Breytingar á samþykktum

Stjórn Símans hf. leggur til við hluthafafund félagsins að samþykktum félagsins verði breytt þannig að við þær bætist eftirfarandi ákvæði sem ný grein 4.2 og að númer annarra greina samþykktanna uppfærist til samræmis (eftir því sem við á):

„Stjórn félagsins skal heimilt að hækka hlutafé félagsins um allt að kr. 430.000.000 að nafnverði með útgáfu nýrra hluta. Hluthafar hafa fallið frá forgangsrétti sínum til áskriftar að hinum nýju hlutum, sem skulu nýttir til greiðslu hluta kaupverðs í tengslum við kaup félagsins á öllu hlutafé í Opnum kerfum hf. og Öryggismiðstöð Íslands hf. Skal því heimilt að greiða áskriftarverð hinna nýju hluta með öðrum hætti en með reiðufé, þ.m.t. með skuldajöfnuði. Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá greiðsludegi áskriftarverðsins. Gildir heimild þessi til 31. desember 2026.“

Greinargerð með tillögu:

Stjórn Símans hf. leggur fyrir hluthafafund tillögu þess efnis að stjórn félagsins verði heimilt að hækka hlutafé þess með útgáfu nýrra hluta, sem afhentir skulu seljendum sem hluti kaupverðs í tengslum við kaup félagsins á öllu hlutafé í Opnum kerfum hf. og Öryggismiðstöð Íslands hf. Endanlegur fjöldi hinna nýju hluta og áskriftarverð mun ráðast af ákvæðum kaupsamninga aðila. Hafa seljendur skuldbundið sig til þess að eiga hina nýju hluti í a.m.k. tvö ár frá því að kaupin ganga í gegn.

Umrædd viðskipti, og þar með útgáfa hinna nýju hluta, eru m.a. háð skilyrði um samþykki Samkeppniseftirlitsins.

2. Önnur mál